

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

11. ISBN 978-9935-409-10-2

Rígur

**allir menn urðut jafn spakir
hálf es öld hvar
lítilla sæva, lítilla sanda, lítil eru geð guma
þagall og hugall
meiri og minni megir Heimdallar
enginn skyli sköpun renna**

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080



<http://www.mmedia.is/odsmal/Rigsthula,%20varna/Rigsthula,varna.html>

handa enskumælandi áhugamönnum um skilninginn mikla

Rígur

allir menn urðut jafn spakir
hálf es öld hvar
lítilla sanda, lítilla sæva, lítil eru geð guma
þagalt og hugalt skyli þjóðans barn
meiri og minni megir Heimdallar
enginn skyli sköpun renna

Maðurinn fæðist til æðstu vizku.
Réttur hvers manns barns, allt frá fæðingu, er að hafa aðgang að
þekkingunni miklu

sanaatana dharma **सनातन धर्म** hinni eilífu þekkingu, þeirri sem aldrei
getur dáíð því hún er sannleikurinn.

चेतन cetana (frb tsjetana) geð

cetana-acetana **चेतनाचेतन** menn og málleysingjar,
a-cetana (a- er neitandi forsk.) sem eigi hafa mannlegt geð/mannlega vitund.

Rígur minnir á írsku: konungur, Rígur, rik,

og á sanskrít **ऋच्** ríc (frb.ritsch) atkvæði, einsog í rik ved
en c í ríc breytist fyrir sandhi í k eða g eða ñ, eftir því á hvaða stafi næsta
orð á eftir byrjar.

-Segðu mér, Rígur, hví þú skiptir mönnum.

-Urðut allir menn jafn spakir,
hálf es öld hvar.

Hver maður fæðist til sinnar Skuldar (33.), til sinnar Þundar (28.),
þegar menn velja sér foreldra, tíma og stað til að fæðast á.

Allir eru þar á réttum stöðum hver á sinni þróunarbrautu.
Menn læra það sem kjörnir foreldrar vinna við,
en allir menn verða að sóast til að þróast.

Allir menn eru eins, eins og alheimur,
en engir tveir menn samt alveg eins.


Hver og einn hefur líkama samkvæmt sínum innra svinni sem sérstakur einstaklingur. Þar með frábrugðinn.

Einstaklingsþróun á við hvern og einn frá vöggju til grafar,
og á einnig við um hann allt hans langa langa þróunarskeið, ævi eftir ævi frá ómunatíð.

Það er dýrmætt að fæðast sem maður, litla völvu.
Ómetanlegt.

Eftir þar-milljónir ára, þar-milljónir æviskeiða, loksins (!!)

með háþróað taugakerfi,
hæfileika til að sjá mun á réttu og röngu,
heila sem hefur hæfileika til að skilja,
en skilningur og rökhyggja er mannsins dýrasta hnoss.



Dýrin hafa nokkurs konar hópsamkennd, eins konar hópsál eða sameiginlega sjálfsvitund, tilfinningu sem heild tegundarinnar, utanaðkomandi „ek“, ek fyrir hópinn sem heild.

Einn og einn api þróast þannig, að hann fer að fæðast sem maður, og fær einstaklingsvitund, ahamkar अहंकर

Sumir halda áfram að vera apar.
Alltaf eru sumir sem ekki ná að þróast mikið.
Apar voru e.k. menn meðan þróunin var ekki eins langt komin og nú.

Einhvern tíma gætu menn þróast enn meira en að vera menn.
Orðið himneskari verur en nú.

Þegar api þróast uppí að öðlast sjálfsvitund sem ek, ahamkara („gerir ek“, „sem býr til einstaklinginn mig“ ég+gera, aham+kara, ek-gervir) fer hann að fæðast sem maður.

Þróun breytir engu um að við erum í sömu mynd og alheimurinn, svo Darwin og hönnunarkenningin stangast ekkert á nema fyrir þeim sem misskilja bókstafinn.
Að neita þróun er mikil skekkja.

yathaa piñde tathaa brahmaande brahmaande यथा पिण्डे तथा ब्रह्माण्ड
maðurinn í guðanna mynd.
Guð skapaði manninn í sinni mynd.

Þróun er alheimsins.
Þróun er mannkyns.

Allt sem finnst í mannslíkamanum finnst í alheiminum

anoraniyaanmahatomahiyaan, svo sem ið smærra en ið smæsta svo er
og ið stærra en ið stærsta

अणोरणीयान्महतोमहीयान्

yathaa pinde tathaa brahmaande यथा पिण्डे तथा ब्रह्माण्डे
ańda egg, hið gullna egg, alheimur
pińd kúla klessa kjöt

Allir eru skapaðir í mynd alheims,
hlutföll, og hvernig allt virkar í mannslíkamanum,
er sem tívatún sjálft.



Maðurinn er í guðlegri mynd.
Men hafa svo áru.
Þá er mannslíkami + ára = gulleggið.....(brahmaańda)



Allt í alheimi á sér samsvörun í mannslíkamanum.
Einnig náttúrulögmálin.

-Eru þróunarskeiðin ekki rosalega löng og mörg?

-Menn þróast á milljónum ára á milljónum æviskeiða, litla vólva.



Óður Hænir Lóður taka við mönnunum,



eftir ótal fyrri æviskeið þeirra.

Ekki ætti að gleyma að kroppurinn er aðeins rétt einsog ný fót, einnota, og endist í eina ævi, þar til karma manns þá ævina er afgreitt, en maðurinn sjálfur er eilífðin.

Að halda að maður geti þróast til fullkunnunar á einni mannsævi í einum forgengilegum líkama með upb 100 ára lífslíkur (þegar bezt lætur) er reginskekkja.

Þegar einhver hefur loks fæðzt sem maður mun hann æ síðan fæðast sem maður.

Þróunin gengur aldrei aftur á bak, en við megum hundar heita ef við lendum í stöðnun!



Eiður um stöðnun er þvermóðska ins ósvinna manns.

Aldei sverja sig við fortíð, aldrei neita breytingum, því kostir lífa (æviskeiða) á jörðu er breytingin, framvindan, þróunin.

Allt í veröld er breytileika háð, aðeins ginnungagap er óbreytileikinn.

Auðvitað sjáum við hvort sölnað laufblað eða rekill með fræjum í fellur til jarðar í moldina að hausti.

Við vitum greinilega muninn á þessu tvennu.

Líkaminn er svo sem laufblað,
ferðin til Heljar okkar svo reklarnir með pinulítið fræ minnis í laumi.

Eins er með mannsævina, hvort lifað er til góðs eða ills, til framþróunar
eða til stöðnunar.

Að eyða mannsævi í að þróast ekki er mikill skaði, mikill misskilningur,
ber vott um þekkingarskort á tilgangi mannsævi.

Ónýtt ævi, sú sem ekki hefur flýtt framþróun, er sem sölnað laufblað sem
haustvindurinn feykir út í buskann.



-Hér er ég með karla og kerlingar sem fatta ekki til hvers þeir eru
að fæðast:



Þessi hafnar ferlunum, neitar að sóast í
gapið, er á kafi í dótarínu fína, með skilningarvitin á fullu.

Neitar tsjakram pravartitam चक्रं प्रवर्तितम्, ferlum sem skaparinn hefur sett af
stað. Skilur ekki jól. Lífir í efnisheiminum eingöngu. Glingrinum mínu fína.
Staðnaður á þróunarbrautinni.
Heldur jól en veit ekkert hvað þau eru !! Skilningarvitin á fullu !!






- Skilningarvitin þurfa að verða tær, látið þau stjórna úr tæra gapinu. Gerið líkamann altæran.

yatinam brahmaa bhavati saarathih यतिनं ब्रह्मा भवति सारथिः
(sá sem hefur brahma fyrir ekil í sínu lífi). Skilningarvitin altær.

Skilningarvitin eru galopin leið í streitu -- hjá inum ótæra manni.

Skoðið 14 Manvantara (Manu-antara). Við erum á inni 7. Manvantara nú, með Vaivasvata okkar, þannig að 6 ragnarök hafa þegar verið í þessu ferli.


Ætíð lifa Líf og Lífprásir, ætíð siglir Skiðblaðnir,



falla fossar á ný og flýgur örn yfir.

Við ragnarök hafa tívar lokið sínu hlutverki. Manu dregur sig í hlé. Tívarnir starfa ekki lengur í skapaðri veröld. Næst taka nýir við. Nýtt ferli.

Gróttasöngur er um eitt litla ferlið. Græðgi mannanna. Gullöld hnígur og myrk öld hefst.



Atlantis og



hafshryggurinn okkar

Skoðið því ferli yuganna fjögurra sem eru ein mahayuga (stóryúga), caturyugi (fjór-yúgur, frb tsjatúr-...), fjórar til samans.

Gerið ykkur grein fyrir hve margir tugir slíkra eru á hverri Manu-antara. Tæplega helmingur þeirra er þegar liðinn á þessu Manvantara.

Eitt tívaár er 360 mannaár
ein kalpa er þúsundsinnnum tívaár,
ein mahayuga er 4,32 milljarðir ára, 12 milljón tívaár.

Maharishis Bahagavat gíta, kafla IV vísa 1, er með útskýringar maharishis bls.253-255. (Maharishi Mahesh Yogi: fyrstu 6 kaflar gítunnar með útskýringum hins uppljómaða kennara mannkynsins.)

Sat-yuga er lengst, svo treta svo dvapara svo kalí-yúga, sem er 432.000 mannaár og er stytzt.
Ein mahayúga er 10 sinnum lengd kalíyúga.

Svo við höfum nógan tíma fram til næstu ragnaraka -- og áfram eftir það. Milljónir og aftur milljónir ára. Hin eilífu ferli.

Okkar núverandi veröld er 4,32 milljarða ára, og milljarðir á milljarði ofan er tími alheims.

Gaman að vita að einherjar eru 216 og talan 432 kemur fyrir í ferlum. (Um 108 í 17. skræðu)

Í þessu sambandi, tölur, svo sem fjöldi einherja 216, en mjög fróðlegt er að bera saman tölur í norrænum goðsögnum annars vegar og í veda-vísindum hins vegar.

Minnir á rætur menningar.

Skoðið aldur Brahman, og skiljið hve langur er einn Brahman-dagur er miðað við þínuponsulitla 100ára mannsævi.

Sjáið hver tituprjónshaus í eilífðinni ein mannsævi, 100 mannaár, er.

Ekki láta ykkur detta í hug að við höfum aðeins eina litla ævi til að afgreiða okkar stærsta markmið, fullkomnun og uppljómun.

-En við skulum samt nýta litlu verðmætu mannsævina okkar vel til framfara í þróunarátt þótt við sleppum tímappressunni sem stofnanir nota til iðrunar og fyrirgefningar og aflátsbréfasölu.

Að auki er mönnum lofuð eilíf sæla fyrir ódæði í þágu stofnunarinnar!

-Rétt er það, mín ljúfa.

En ekki ættum við að hampa neikvæðni og illu umtali.


Slíkt veldur ama.

Öll ferlin, smá og stór, flytja þróunina áfram.

Nú hefur mannkyn öðlast þó nokkra dýpt svona andlega séð.

Og þó nokkra reynzlu og skilning. Svólitlir óvitar, að visu, ennþá.

Hvert liðið þróunarskeið er trappa yfir í næsta. Smá sem stór.



tröppur frá Niröi í Valhöll



úr paapam (synd) í satyam (sannleikann)
Sækið æ í ið æðsta.



Menn ættu að nýta vel sína ævi til að þróast.
Leiðin liggur til fullkomunnar.


Þróun hvernar lífveru er henni mikils virði.

Menn ættu aldrei að rjúfa þróunarskeið neinnar lífveru.

Það er synd.

Allar lífverur eru á sinni þróunarbrautu, og það ætti að virða.
svadharma, eigin dharma, eigin örlög hvers og eins.

Lifið ætíð eigin örlög. Annara örlög lifuð býður heim hættu.



örlög eru náttúrulögmál,

Urður Verðandi og Skuld (33.) vita bezt hvenær hver og einn þarf að

yfirgefa kroppinn sinn, fara til Heljar,

og hvar og hvenær og hjá hvaða foreldrum, sá inn sami skyli verða lifandi einstaklingur á ný.

Manu ber fyrir brjósti þróun lífvera á jörðu.

Hvert eitt tímabil Manu spannar 300.000.000 mannaár.

pralaya प्रलय ragnarök

sú nóttin er jafnlöng deginum, 432 með mörgum núllum aftanvið.

Alltaf eru Líf og Lífþrasir, Skíðblaðnir og nýr heimur.

Daggardropar verða þarna handa okkur.

(sjá 26.: hagall hagl jökull khadjala खजल खजल daggardropar þoka regn

खं kha kham tóm/rúm/himinn, जल djala vatn)

Guðin fara, önnur koma,

rís úr djúpinu óræða, ginnungagapi, jörð iðjagræn,

nýr heimur,

enginn mannleg hugsun veit af hvers rótum rennur,



-Caesar í Róm var æðislega pirraður -- „perraður“, segir flámælti karlinn -- þegar Drúidarnir börðust hraustlega til síðasta manns fyrir landi sínu, vitandi að þeir fæðast ætíð á ný þótt Ceasar láti drepa búkinn í landvinninga-herferðum sínum.

-Þekkingin er ævafor, Þjóðvitnir litli.

Skilningur manna fer eftir vitundarstigi þeirra.

Á myrkum öldum eru stríð og skilningsleysi.

Á gullöldum er friður og skilningur.

Menn eru allir skapaðir í mynd alheimsins.

अणोरणीयान्महतोमहीयान् sem hið smæsta er er hið stærsta,

allt sem er í alheimi finnst í mannslíkamanum.

(dr.Nader, læknir, maharadja adhiradja radja Raam:

Human Physiology, Expression of Ved and Vedic Literature, a textbook of live for everyone, ISBN 81-7523-017-7

En menn eru ekki allir jafnir fyrir guðinum Ríg vegna mismunandi þróunarskeiða sinna.

Það köllum við hér, sem táknmál, björt vel opin hús, eða dimm lukt hús.

Þekkingin er sannarlega mismunandi fyrir mönnunum vegna mismunar vitundarstiganna þeirra.

Hver og einn hefur skilning í þeirri dýpt sem vitundarstig hans leyfir. Þeir sem þrá hinn æðsta skilning, þurfa aðeins að hækka vitundarstig sitt.

-Það geta auðvitað verið alls konar skítakarekterar í finum þjóðfélagsstöðum og flottheitum.

-Allur gangur á því, litla kjaftfora. Við erum ekki að tala um gáfur og lífsstíl. Mál mitt snýst ekki um völd og peninga, ekki um fátækt, ekki um þjóðfélagsstöðu,

heldur um vitundar mannsins gæði og þróunarskeið hans.

Meðal sumra manna er efnisheimurinn yfirgnæfandi í tilverunni, in skapaða veröld aðalatriðið í meðvitundinni.

Vitundin er þeim óskýr og þeim óþekkt. Guðin í myrkri frá þeim séð.

Þeir menn eru einnig í myrkri frá guðunum séðir. (sjá 8., um Gerði)

Þeir sem eingöngu lifa í vöku, draumsvefni, djúpsvefni draga ekki safann úr rótunum uppí líf sitt.



Mjög einfalt er að læra að fremja valkyrju. Komast í 4. vitundarstigið.

Að sóast er öllum mönnum eiginlegt og náttúrulegt.

Glaðheimar eru allra manna heima.

Þar vígjast menn til tærleika.

Það heitir einnig veizla at Ægis, og þá er Ægir dýpt vitundarinnar.





Eldir og Fimafengur sjá um þá næringu sem þarf.

(um vitundarstigin sjö
í 30. (Huginn og Muninn), 13. (Helju), 16. (Tý), 25. (Haftsæni), 31. (um tært
taugakerfi))


Þekking er visin og aðeins svipur hjá sjón,
sölnuð laufblöð án næringar úr trénu,
er einsog í þoku,
eða einsog séð í spegli sem er hulinn þykkur ryki.
Jafnvel þótt þeir læri utanað alls konar klausur um sannleikann mikla.

Varnaskalinn er ekki um lit á hörundi, heldur um lit sálarinnar.




fyrir ofan græna strikið er

brisingamen Freyju (20.), mannkyn, hið bjartasta djásn,
því mannlegt taugakerfi gerir manninum kleift að sóast í alheimsvitund.




Loddfáfnir er fróðleiksfús, en hefur ekki
skilning þann sem til þarf til að vera einherji (skáldfilfahlutur, 4.).



Að skipta mönnum í ættflokka verður rasismi.
Það er skali með 90° skekkju, lóðrétt í stað lárétt,

Því svona er skiptingin í mínum huga:



lárétt, ekki lóðrétt.

Það er skipting samkvæmt þróunarstigi hvers og eins.

Þróun er: úr myrkri í birtu.

En menn ættu að virða eigin menningu þjóða.

Hver menning á heima á sínum stað, þar sem hún þróaðist.

Uppátroðsla utanaðkomandi menningar er slys. Menningarslys.

Kallað „árekstrar menningarheima“ (e.: „clash of civilizations“) sem er vandlega útpælt heiti á uppátroðslu, dempað heiti yfir að óviðkomandi menningu var þröngvað inn.

Slíkir yfiringangsmenn virða ekki siði sem fyrir eru, heldur vaða yfir fólk. Ekki er heillavænlegt að lifa innflutta annarra þjóða menningu.

Gaman að kynna sér menningu þjóða,

en virða skal að hún á heima þar sem hún þróaðist.



Þá fyrst,

þegar maðurinn er uppljómaður, getur hann borið heitið maður.

Ekki fyrr.

Þursameyjar þrjár eru þróun.

Sbr. Þrymskviðu (32.) um þursa sem forn þróunarskeið sem ekki fá samrýmzt sköpunarkraftinum mikla, og verða að víkja.



Þursameyjar þríar (32.)

Skaði Þjazadóttir, Gerður Gymisdóttir, Gunnlöð Suttungsdóttir,
taka við af feðrum sínum.

Það er þróun - jafnt einstaklings sem mannkyns alls.



Fagrar þursameyjar III.

Gymisgarðar er Paradisus
(sjá skráðu 8 um Gerði í Gymisgörðum;
14. og 15. ofl. um vín Valföðurs, mjöðinn dýra Bölverk og Gunnlöðu)



Skaði vill Baldur sólguð. (21.)

Allir menn ættu að vera Skaði.

Missi menn sjónar á ginnungagapi sem okkar allra eigin vitund er hætta
á ferðum: stöðnun á þróunarbrautinni okkar.

Sverjið eigi við fortíð,



leyfið breytingu, forsendu þróunar,

setjið markið á ið æðsta.



Allir menn eru ginnungagap

Við skulum hlusta á Skírnismál, sjá okkur sem Gerði í Gymisgörðum /Paradís, dýraþróunarstigi manns, (sjá 8., Gerði).
Paradísos er afgirt svæði.




Adam og Eva hafa nú vitundarstig æðra dýrum og geta skilið fótbolta. (Kiddi setti þessa mynd saman.)

Við þurfum endilega að komast úr Paradís, þ.e. öðlast skilning á mannlegum gildum svo sem að sjá mun á réttu og röngu.

Komast úr Paradís, Gymisgörðum, og skilja hodd goða en ekki aðeins veraldarauðinn okkar, því hann - eins góður og hann er - er valtastur vina.




Hver og einn þróast úr því að vera nærri því lokaður af frá uppruna sínum, næringarlaus, í að lifa eindina miklu.



Sóizt menn, nýsizt menn niður,
dýpka þeir huga sinn smátt og smátt í ægivid Glaðheima.

Hugsun þeirra -- jafnvel þeirra sem gáfaðir teljast -- er grunn, ef menn tengjast ekki ginnungagapi iðla alla ævi.

Heilinn skorpnar, þornar upp, og rásir allar stíflast, ef menn fá eigi næringu úr uppruna sínum, ginnungagapi.



Menn taka rangar ákvarðanir ef þeir eru ekki tærir.

Þeir eru lokaðir af frá tívatúni, samsviði allra náttúrulögmálanna.

Skírnir varar við dýrastigi manna og varar við því að sjá aðeins Gymisgullið, sem er stöðnun hjá hrímþursum við geitahland eitt að næringu.

Gerður skilur ekki hodd goða. Ekki 11 algullin epli frá friðarins guði.

Skírnir er með lausn:

að þekkjast hið guðlega innsta eðli okkar, bergja á víni Valföðurs í lognfara lundi Barra.

Barr þýðir reiðubúinn til að taka á móti hinu guðlega innsta eðli, hér í kyrrð, logni (kyrrðinni miklu).

Ymir og Gymir og Hymir og allir þessi stóru víðu gætu verið heimar. Hver veit hvers vegna kúlurnar hanga á jólatrénu? (12., jól.)

Hver lifir sitt dharma, er á sínum hraða á sinni þróunarbrautu milli paradísar/dýrastigs og uppljómunar/Valhallar.

Meiri og minni megir Heimdallar tákna vitundarstig manna.

Er ekki um þjóðfélagsstöðu manna.

Ósvinnur maður í finni stöðu er verr settur þróunarlega séð en alls laus uppljómaður maður, ekki satt?



Náttúran sér fyrir öllum þörfum þess uppljómaða,



meðan sá úppljómaði eyðir mikilli orku í að eltast við Gymisgullið sitt.

Og til hvers er að vera að setja merkimiða á fólk vegna skoðanna þeirra, þegar hægt er að skilja vitundarstigin?

Það er meira að segja hægt að mæla vitundarstig manna á vísindalegan hátt,

því tær maður býr sér til tæran líkama.

Vitund og hugur og líkami haldast í hendur.

Vitundarstigin eru mælanleg með tækjum læknávísindanna.

Konungar þurfa að hafa ina æðstu þekkingu til að geta stjórnað landi sínu og þjóð.

Vitundarstig konungsins gerir gæfumuninn fyrir þjóðina.

Hér allar 192 þjóðir heims.



maharadja adhiradja Raam, konungur Heimsfriðarríkisins (Global Country), er uppljómaður konungur. Heimsríkið gegnir foreldrahlutverki handa öllum þjóðum, og gefur vísindi og þekkingu til handa öllum mönnum.

Barn þjóðans þarf að nema ina æðstu þekkingu, vera þagalt og hugalt til að geta tekið við af föður sínum.

En:

vitundarstig þjóðar ræður för.

Margir uppljómaðir einstaklingar í þjóðfélagi gera stjórnendum kleift að taka réttar ákvarðanir.

Þetta er stundum kallað: múgsálin, eða þjóðarvitundin, þjóðarsálin.

Mikið til í því.

Séu gruggugir menn í meirihluta, taka ráðamenn rangar ákvarðanir.
(38., friður, stjórnarskrá alheims; 16., Týr.)

Vitað er að hver þjóð fær þann stjórnanda sem hún á skilið.

Ef þjóð er ekki ánægð með stjórnvöld, er hægur vandi fyrir hana að hækka sitt eigið vitundarstig! (38., stjórnarskrá alheims.)

Þá -- og þá fyrst -- fá stjórnendur byr til að stjórna viturlega,
þjóðin lifir tívatún,
og þeir stjórna þannig Tý-rétt -- í flæði með lögmálum náttúrunnar.

Nóg er að hluti þjóðarinnar stundi TM, 1% þjóðar í reglulegu TM-
prógrammi, nægir til að koma kyrrð á þjóðarvitundina.

Þannig nærast allar ákvarðatökur ráðamanna úr tívatúni.

Færri, eða aðeins kvaðrótina af 1% þjóðar, þarf ef þeir stunda TM-sidhi
og yogaflug.

Það lyftir þjóðarvitund á hærra plan vitundarþroska.



Fyrir Ísland þarf innan við 100 síddha í
reglulegu prógrammi kvölds og morgna alla daga.

Vitundarþroskamenntun (37.) er fyrir alla.

Þjóðir verða ósigrandi. (38.)

Ef þjóð er á lágu vitundarstigi geta stjórnendur ekki tekið týréttar
ákvaðanir.

Lágt vitundarstig þjóðar er ástæðan fyrir að kosningaloforð eru ekki efnd.
Menn hafa hugmyndir, eru kosnir til valda, en vitundarstig þjóðarinnar
stjórnar þeim.

Þetta ætti hver maður að skilja.

Og þjóðarvitund stórnar einnig fréttáflutningi fjölmiðlanna.

Vissuð þið þetta?

Ef menn vilja jákvæðar góðar fréttir og góða veröld, hækka þeir
vitundarstig þjóðarinnar!!

Mikla gríska skáldið Homer sagði (ca 800 f.Rómar-núll), að allir menn þyrftu guðin.

Plató (ca 400 f.Rómarárið núll) sagði, að hluti mannanna tryði alls ekki á tilveru guðanna.

Það voru hin óþekktu guð, þanþeon, polyþeon Grikkja.
Þau gleymdust svo vegna hins þekkta Guðs Páls (rétt eftir Rómar-núll), sem var innflutt menning, kölluð Guðveldi.



-Hómer Simpson fór með borðbæn fyrir máltíð: -Takk, Guð, fyrir ekki neitt, því ég vann fyrir þessu sjálfur.
(Ég ætla líka að segja þetta í 36. skræðu um gjafir náttúrnar.
Drepfyndið! Svo voða margir hugsa svona. Það eru mínir menn, á kafi í sjálfumgleði og hroka gagnvart æðri máttarvöldum!!
Skilja ekki þanþol náttúrunnar (36.), og sigla öllu til andskotans í græðgi og ósvinnu sinni.)

-Þekkingin er mismunandi fyrir mönnunum eftir því hvaða vitundarstig þeir lifa.

þrenns konar og lagskipt hamingja,
þrenns konar og lagskipt þrautseigja,
þrenns konar og lagskiptur skilningur

hamingja yfir að eignast dót og ganga vel og vera flottur og sætur,
hamingja að gleðjast með öðrum og vera ekki abbó, sjá fegurð í öllu,
hamingja, sæla Sólar hamin í líkamann (17.)

þrautseigja mannsins sem vinnudýrs, bíta á jaxlinn, gefast ekki upp hvað sem á reynir og halda sínu striki,
þrauseigja sem ekki er nein þvermóðska heldur streitulaus og stefnir að háleitu markmiði í flæði með Þundu (28.),
þrautseigja áreynzlulaus og manningnum eðlileg, manni sem er manntréð með rætur sem draga safann, náttúruleg sem vöxtur trés,



skilningur á hegðunarheilræðum t.d. í 1.hluta Hávamála,
(sjá 3., þrieindir um skiptingu Hávamála í 3 kafla skiljanlega mönnum á ýmsum vitundarstigum

कर्म कन्द karma kanda उपासन कन्द upasana kanda ज्ञान कन्द djñana kanda
skilningur sem Loddfáfnir fær frá kennaranum og reynir að skilja,

þörf þeims þiggur, en skilur hann? buddhi बुद्धि

svo

skilningur einherjans, Hugins og Munins, á tilverunni, pradña



menn að dröslast með paradís/gymisgarð yfir í mannlíf -- og
reiði öfund ágirnd á lágum vitundarstigum manna

Markhópur Þjóðvitnis



-Menn eru svo ánægðir á dýrastiginu sínu, Rígur minn, og hafa engan tíma til að hugsa um eilífðarmálin.

Ég er með nóg af glingri fyrir skilningarvitin og heilabúið,

-- og ekkert pláss er í dótakassanum fyrir svona þvaður um ósýnilegt svið tilverunnar.

Mínir menn eru líka þeir sem tala mikið, einsog Fáfnloddari, en hafa ekki skilning. Fá meira að segja kaup fyrir að tala, en hafa ekki hugmynd um hvað vitund er !!!

-Við vitum það, Þjóðvitnir minn.

Margan manninn vantar djúpan skilning á tilgangi ævi sinnar.

Það eru gæði hvers og eins manns sem skipta sköpum.

Tærleiki hvers og eins. (31.)

Hávamál gera ráð fyrir þessu og eru lagskipt sem (sjá og 3. þríeindir):

hegðunarheilræði handa mönnum, sögð með orðum,
fróðleikur, þarfur þeims þiggur, sagður með orðum,
skilningur ins þróaða og uppljómaða, djúpur skilningur á orðunum.

Orðin, sem laufblöð á askinum, visna ef ekki flæðir vín Valföðurs um
allan líkamann.

Sóma सोम er sá dýri vökvi sem heldur saman alheimi,
heldur saman inu ytra og inu innra,
púrúsha og hinni guðlegu móður.

Sóma er lím alheimsins.

Ódjas ओजस er hið fingerðasta í mannslíkamanum, og á að vera það sem
við endalega framleiðum úr matnum. (39.) Hin fullkomna melting.

Sá uppljómaði kennir tæknina sem virkar, hraðferð í Glasi (Syn, 6).

Þekkingin um leiðina er sögð með orðum og er ætluð inum ósvinna
manni.

Hann hefur mesta þörf fyrir þekkinguna miklu.

Góður kennari talar ætíð á því máli sem nemandinn skilur.

Hinn uppljómaði þekkir öll þau vitundarstig sem hann hefur farið í
gegnum, og skilur því skilning ins ósvinna manns og takmörk hans.

Orð mér af orði orðs leita.

Þótt allir menn séu eins, og séu allir í alheimsmynd, eru þeir mislangt
komnir á þróunarbrautinni sinni.

Vitundarþroski þeirra veitir skilninginn.
Reynzlan af ginnungagapi veitir þeim vitundarþroska.

Einum finnst eftirsóknarvert sem er hégómi einn í annars manns huga.

En sumir tala um hégóma
og vara aðra við honum,
en eru í raun að predika utanaðbókarlærðar klausur og hafa ekki
endilega skilning á hvað er þetta eitt sem er nauðsynlegt henni Mörtu
vinkonu okkar sem mæðist í mörgu.

Auðvitað verður Marta að hugsa um gestina sína. Það vitum við.

Marta kann ekki galdra til að láta veitingarnar koma af sjálfu sér
-- það gerist ekki þótt hún hugsi um völlinn mikla.

Marta þarf að læra tækni til að lifa völlinn mikla.
Þá tækni fékk hún ekki.

En uppljómaðar konur hugsa líka um gestina sína, svo ekki eru það
verkin heldur vitundarstigið sem skiptir máli.

Orð um völlinn mikla er annað en sannur skilningur.

Orð eru laufblöð á askinum, og lifa því aðeins að rætur séu í brunnunum
óræðu þrem, og greið leið sé fyrir safann upp í lífið á jörðu.

Völlurinn er svæði sem óuppljómaði maðurinn vissi ekki að væri til,
því
sóa verður hugsun allri til að verða frjáls úr viðjum efnisheimsins,
verða víðari (Vídarr, 15.),
gláður gleiður reifur í Gláðheimum (14.),
ausa upp víni (lífsflæði, 14.)
í veizlu at Ægis (2.).
Óðinn gefinn Óðni (25.).

Lítið gagn gerir að heyra orð um eilífðina ef ekki er sóast,
ef ekki er kennd samsviðstæknin,
því hver og einn verður sjálfur að leiða sjálfan sig.

Hver og einn sjálfur að lifa sínu lífi á sinni þróunarbrautu.

Þróun þarf næringu. Fimbulrúnir og stinna stafi.

Ekki er það ferðalag að hugsa um ferðalag sem aldrei er farið.
Ekki er nóg að skoða landakort !!! Það er ekki ferðin sjálf.

Líkami hvers og eins stjórnast af alheimssvinni.
Svinn má kalla greind, vitsmuni, vegna fullkominna stjórnunahæfileika
hans.

In mikla alheimsgreind er fullkomin, fullkomnir vitsmunir.
Tívatún stjórnar öllu snurðulaust.

Rögn og regin eru in mikla regla sem er.
Reglan sem finnst í öllu í hinum skapaða heimi og einnig í manningum.

yathaa pinde tathaa brahmaande यथा पिण्डे तथा ब्रह्माण्डे

maðurinn í guðanna mynd, skaparans mynd.

Maðurinn í ginnungagaps mynd.

Guð skapaði manninn í sinni mynd.

Það breytir engu um þróunarkenninguna.

Menn hafa farið í gegnum dýrastigin þegar þeir fæðast í fullkominni mynd tívatúns.

Allt í alheimi finnst í mannslíkamanum.

Gæði og tærleiki hvers manns (31., tært taugakerfi) stjórnast af gæðum flæðisins, víni Valföðurs, svinnis. (14.)

Allir menn eru eins,
en engir tveir alveg eins.

Þetta á við alla menn frá getnaði til grafar.

Rígur lítur á þróunarstig og vitundarstig mannanna.

Athafnir, skoðanir og hugsanaferli hvers og eins stjórnast af svinni, greindinni, lífsflæði, víni Valföður.

Manns eigin gæði eru gæði þessa flæðis.

Gæði hugsana og gjörða eru sömu og gæði hugans,

-- tærleika eða gruggs þess manns sem hugsar og framkvæmir.

svadharma स्वधर्म eigin lífi skyli lifa,

paradharma परधर्म að lifa annarra dharma býður heim hættu.

Maður á ætíð að miða við sig, ekki við aðra.

Við verðum að taka okkar næsta skref á og frá þeim punkti sem við stöndum á hér og nú.

Við fæðumst hér og nú til okkar áframhaldandi þróunar.

Við veljum foreldra okkar.

Svo gæðum við líf okkar æðstu verðmætum með því að sóast iðla, hnýsast niður, nema upp fimbulrúnir, læra alla góða galdra og ljóðin fögru -- handa öllum mönnum til góðs.

Gæði er hér það að vera tær, altær, grugglaus, og finna hið guðlega innsta eðli sitt.

Þannig maður gengur í birtu frá guðunum séð.


Og frá honum séð eru guðin björt.

Höft og bönd eru guðin.
Tengingin við upprunann mikla má aldrei rofna.
Þá visnar maðurinn og staðnar.
Það eru ekki gæði á mannsævi.




Stöðnun á þróunarbrautu er ógott mál.

Ónýtt mannsævi. Sverjum aldegi eið þess efnis að ekkert megi breytast. Hið liðna var liður í þróun, en á ekki endilega við lengur, ekki við alla ævina sem eftir er. Var trappa sem búið er að stíga úr á leið upp.



Hverja ævi ætti að nýta til framþróunar.

Á myrkum öldum, kaliyuga, er lítil framför.
Græðgi og eyðilegging.
Þannig fór fyrir Fróða konungi, misnotkun Grótta (36.).



Atlantis




Á gullnum öldum gengur allt í haginn.
Blómaskeið og þróun og fegurð.

Ekki ætti að telja að karl og þræll og jarl, og vistarverurnar þeirra sömuleiðis, segi okkur annað en þróunarstig, og athuga skal að goðsagnir nota æ og aftur táknmál.

Stéttaskipting í þessu samhengi fjallar ekki um völd og peninga, þótt það sé það fyrsta sem sumum dettur í hug vegna þjóðfélaga sem þekkjast meðal vor og ósanngjarnrar skiptingar veraldargæða.

Við erum ekki að tala um hirðsiði, peninga, valdastiga, í þeim skilningi sem við heyrum oft um.

Við erum að ræða um vitundarstig manna, þrískipt til hægðarauka þótt þau séu óteljandi.



Goggunarröð, völd, hierarkí, valdapýramídi, er ekki það sem heyrir undir Ríg og mismun manna skv þróun þeirra.

Íslendingar kunna ekki hirðsiði, kurteisí (courtois, court hirð). Líklega spursmál um hausinn á eða hausinn af að fremja eitthvert ósiðað athæfi, gera eitthvað af sér, í höllum Noregskonunga, bommertu sem ekki passaði inní prótúkolluna, og bezt að hafa drápur eitt smjaður og oflof til að vera öruggur.

Eða flytja mærdarlofræður á svo snúnu máli í enn snúnara bragarhætti að konungur skilji ekki baun!!

En Íslendingar eru tillitssamir menn, þótt yfirborðskurteisinni sé ekki fyrir að fara.

Og sönn tillitssemi er mikið skart á manni.

Smjaður og lygi er ekki skart á manni.

Enginn ætti að þræla einsog skepna, heldur ætti hver og einn að vinna þarft og mátulega mikið.

Hver og einn skyli vera sjálfs sín herra.

Ekki lifa annarra örlög.

Ætíð skyldi vera nægur tími til að fremja sína valkyrju og beita samsviðstækninni.

Þræll og karl og jarl vinna sína vinnu. Hver sína vinnu. En í hófi skal nýta gjafir náttúrunnar og virða hana vel. (36.)



Enginn skyldi halda að það sé smart að vera vitlaust vinnudýr,
líta ætti á of mikla vinnu sem ok,
enda vinnufiklar varaðir við ofsaáhuga sínum á vinnunni.
Þykir eitthvað flott að vinna einsog skepna?
Er það eitthvert stöðutákn?

Gengur öll menntun útá að læra eitthvað sem hægt er að ná í vinnu útá?

Eru menntastofnanir framleiðsla á vinnudýrum og ofurlaunafiklum?

Gætum okkar á þessari hrapalegu innprentun.
(37., vitundarþroskamenntun)

Heilinn er stundum ofvirkur, og ekki má hann vera vanvirkur. Hann er
óseðjandi skemmtanafikill,
og
við getum ekki bannað heilanum að hugsa.

Tæknin til að kyrra hugann verður að vera sú rétta og lærast rétt.
Öll áreynsla eyðileggur ið eðlilega flæði hugans til uppruna síns.

En römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til,
og flæði hugans inná við í kyrrð er eðlilegt náttúrulögmál.

Menn verða að kyrra hugann reglulega, iðla, með Iðunni
finna hið rétta mál.

Mjöt (einsog í mjötuður og mjötuviður mær) er prameya प्रमेय
mælanlegt, sannanlegt, rétt hugmynd
þetta jafnvægi milli vitundar og efnisheimsins.

Pramaa प्रमा grunnur, rétt þekking, rétt mál,
í Nyaaya er sama: pramaa, aatmaa, samsvið náttúrulögmálanna, vitund;
grunnurinn sjálfur undir tilverunni, hið rétta.

Hér er svoltið sem menn verða að skilja,
því þetta er mjög mikilvægt:

jafnvægi milli veraldarvafstursins og iðkunar tækni til að transcendera,
jafnvægi í veraldlegu og andlegu í lífi manns.

Hvert svo sem vitundarstig hans er.



Regla er góð,
líkaminn venst góðri reglu, og vinnur með okkur þannig,
veit hvað er í vændum.

TM á morgnana, vinna yfir daginn, TM á kvöldin og snemma í bólið.

Allir eru að þróast, hver á sínum rétta stað.

pramaa-ña prameya eða pramaa ña-prameya, má skiljast á hvorn
heldur veginn sem er, segir okkur kennarinn mikli, maharishi:

प्रमाण प्रमेय eða प्रमा णप्रमेय vitundekki efni, eða vitund ekkiefni
sem undirstrikar að það þarf að vera jafnvægi. (Nyaaya, maharishi.)

Þetta er luktin sem lýsir bæði úti og inni (sjá gyðjur, 18., 20.).
Samkvæmt Nader konungi þalamus í mannslíkamanum.

Hlustið á gyðjurnar.

Gyðjurnar lýsa ið ytra og ið innra (18., 20.).

Prayas (af stofni príi प्री) er: yndislegt og dýrmætt.

(ath: Frigg (18.) er af prema príiya, og táknar alumvefjandi takmarka-
lausa ókerfjandi ást og kærleika gyðjunnar miklu.

Rangt er að segja að príiyaa þýði eiginkona. Það er upptugga ósvinnra.)

Þegar vitund þjóðar hækkar verða lífsgæði auðsóttari, því náttúran
vinnur með þjóð á háu vitundarstigi. (36.)

Menn fæðast til síns dharma, sinna eigin örlaga, þess sem bezt er fyrir þá að gera í lífinu.

(33.)

Það er þeirra áreynzlulausa Þundarflæði (28.).

Hver og einn velur sér foreldra, stað og tíma til að fæðast til örlaganna, sem heppilegust eru til að flytja hann áleiðis að markinu, tilgangi lífs hans.

Menn læra af feðrum sínum og mæðrum sitt lífsviðurværi. Það veitist þeim auðvelt því þeir kuru sér þennan stað. Það er hið rétta og hið léttu og allir hafa tíma til að sinna andlegum verðmætum.

Hér mæta menn sinni Skuldu og afgreiða hana með þrýði -- og skilningi.

Rígsþula er um verkaskiptingu eftir stað manns á þróunarbrautinni.

En allir menn verða að stunda TM-samsviðstæknina til að taka næsta skref sitt frá þeim stað sem hver og einn er á nú.

Næsta skref hvers og eins er þar, og þaðan, sem hann nú er.

Enginn skyli sköpun renna.

Allir ættu að fremja valkyrju og þróast á sinni ævi.

Við tökum næsta skref fram á við frá þeim stað sem við nú stöndum á.

Hver og einn þróast á sínum forsendum.

Hver og einn tekur næsta skref á þeim stað sem hann er á nú.

Öllum er nauðsyn að lifa sínu lífi, sva-dharma, eigin Skuldu, ekki para-dharma, annarra Skuldu,

því það að lifa annars lífi, annarra örlög, felur í sér hættu fyrir mannsins eigin lífstilgang.

Það er hættulegt þróun manns.




Óðinn Hæmir Lóður

(3., þríeindir)

-- þeim veitir ekki af að vera þrír að gefa mönnum önd og óð og litu

góða, þessar gersemar sem til þarf til að geta kallast maður á Vigríðar-sléttu, Óskópni,

maður sem veit etv ekki ennþá að hann er tívatún, svið allra möguleika,



er ginnungagap.




-Iss, Rígur minn!

handa krökkunum -- og vísa, óður til æðisins, og myrra og dótarí sem fylgir svona gömlum bjánalegum barnalegum barnasögum og fabúlum.



-Óðinn Lóður Hænir koma við sögu þegar einhver, eftir milljónir æviskeiða , fæðist sem maður.



Er kannski enn svolitil skepna, sem gengur þó á tveim, en með mannlegt taugakerfi, Sleipni (15.) og mannlegan heila (24.), sem er hið fullkomnasta í sköpunarverkinu.



Allir menn hafa mannlegt taugakerfi, Sleipni, og hæfileikann til að fremja valkyrju, en valkyrjan kom um leið og maðurinn. (25.)



Njörður (21.) er uppruni í hafinu,
Freyja er froðan úr hafinu (tímarúmsfroðan; afros, Afroditá),
valkyrja askur embla fæðast um leið, því valkyrjan er jafngömul
mannkyninu.


Rót asks, safi, allir þurfa næringu,
Askur og Embla þurfa næringu,
af hvers rótum renna manntren sem fundust af guðum í fjörunni?
Komu þau úr Ægi?

Hið mannlega taugakerfi er hið dýrmætasta, og hæfileikinn til að fremja
valkyrju kemur ekki gáfum eða menntun við.


Menn hafa hæfileikann til að skilja.
Það er hinn mannlegi hugur sem er frjáls -- og vandmeðfarinn.



Við erum ekki að tala um gáfur, né menntun, né þjóðfélagsstigann,
heldur um mannlegt taugakerfi.



Óður Hænir Lóður, vígríðarslétta óskópnrir.



Þeir sem eru að fæðast í fyrsta sinn sem menn eru nú, sko, ja, svolítið, þið vitið, ekki alveg, sko.....

Enda nýsloppnir (eða varla það) útúr Paradísargirðingunni sinni.



Jamm, hmmm, ekki meira um það.
(Gerður, 8.)

Við skulum svo taka því sem að höndum ber.

Það er oftast hin ljúfa skylda (33., Urður Verðandi Skuld), sem þarf að afgreiða hér on nú á þessari okkar ævi.

Við treystum Urði Verðandi Skuldu, því þær eru óhagganlegt náttúru- lögmál, um mótgjörð jafna hverri gjörð, svo sem menn sá munu þeir uppskera.

Fjölskylda, varnaður.

Við ættum ekki að hafna þeim sem koma inni okkar líf, því með því höfnum við okkur sjálfum. Það eyðileggur. Allt er í raun hluti af okkar lífi, því sem við þurfum að afgreiða í þessu lífi hér og nú.

Við segjum að smáatriði skipti máli, en að segja að lífið sé búið til úr smáatriðum er della. Lífið er heild.

Sköpun í samræmi við dharma, í samræmi við tilgang og framþróun heimsins, er varanleg sköpun, en annað hverfur í tímans djúp -- til allrar lukku. (jötnar Geri Freki 22., og jötnar og framþróun 32.)



Hinn eiginlegi ég,

þögult vitni alls sem er,
þ.e. hver einasti maður er ginnungagap, (27.),
er ekki Urður Verðandi Skuld (33.) með pakkana,
er ekki Gunnarnir þrír með hasarinn,
er ekki fenrir (16.) sem leikur lausum hala í veröld,
en Óðinn Vili Vei eru sköpun.



Sköpun fer að hluta í jötnafóður (22.), að hluta í Gera og Freka,
sem er hið bezta mál til þess að framþróun geti átt sér stað.

Mennirnir eru litlir en mikilvægir,
alheimstilgangurinn er stór og ennþá mikilvægari.

Heimurinn er úr Iðavöllum, sem er bulluhver
-- svo talað sé líkingamál sem Íslendingar skilja --
hver, sem safnar upp orku,
gefur frá sér orku með gosum úr svinni,

er einsog hjartsláttur, einsog hjartslátturinn okkar.

Hver og einn verður að vita til hvers hann er að fæðast í þennan stóra hverfula heim --- sem þó er snurðulaus regla.

Vitundarþroskamenntun verður brátt í öllum skólum um allan heim.
(Vitundarþroskamenntun, 37.)

Þá læra allir að skilja, og þá læra allir að hnýsast niður.

Missum við sjónar á ginnungagapi sem okkar eigin vitund er hætta á ferðum: stöðnun á þróunarbrautinni okkar.

Við skulum hlusta á Skírnismál, sjá okkur sem Gerði í Gymisgörðum (/Paradís, dýraþróunarstigi manns).

Skilja að svolítið vantar á skilning okkar á tilveru og tilgangi.


Skilja hodd goða en ekki aðeins veraldarauðinn okkar, því hann er jú valtastur vina.

Skiljið því fyrir hvað Rigur stendur, og ykkur mun vel farnast.

Hús og hýbýli jarls, karls, og þræls, tákna birtu í sálarlífi manna.

Rigspula er sannindi handa öllum mönnum hvar sem þeir eru á þróunarbrautinni sinni.

Gerður veitir nú Skírni, sem opnaði augu hennar, úr hrímkálki.



Kalash कलश amrit kalash, ódinsfæða.

(a-mrít, ekki dauði; kalash kálkur bikar kaleikur)

Við vitum að menn hafa gaman af turnum.

Turnar tengja húsið/bygginguna við himininn og hið guðlega.

Turnar hafa verið reistir meðal manna í þúsundir ára.

Samkvæmt sthapatya-ved byggingarlist, mörg þúsund ára gamalli þekkingu, ber að reisa hús í fullkomnu samræmi við náttúrulögmálin.

Á þaki hvers húss er alltaf kalash कलश uppi á þakinu,

á litlum turni,
beint yfir brahmasthan (miðju) hússins.
Ljós flæðir inn um turninn, alla leið niður á neðstu hæð, hversu margra
hæða sem húsið annars kann að vera.

-- Ef til vill tákna hrímkálfur Gerðar eitthvað miklu dýpra en
gestabolla, gestabíkar, kaleik. --

Á hverju einasta sthapatyaved húsi er turn með kálki (kalash कलश)
Öll sthapatyaved hús eru tengd himinhvolfinu.
Eru í fullkomnu samræmi við gang reikistjarnanna og sólarinnar okkar.
(19.)

(sthaapan स्थापन er sama orð og að stofna, ved वेद vit, þekking, vizka)

Öll hlutföll eru in sömu og í mannlíkamanum.
Allt nákvæmlega útreiknað samkvæmt lífi íbúanna.

Þetta eru einu húsaveikilausu húsin.
Þau veita íbúunum heilzu og fullkomið brautargengi,
sem náttúrulögmálin veita með þessum hætti,
að húsin eru í fullkomnu samræmi við náttúrulögmálin,
og tekið er tillit til einkalífs íbúanna, og fjölskyldulífs þeirra.
Allt snilldarvel útreiknað.

Veiztu, litla völvu, að tölur eru fastir punktar,
en orð eru flæði.

Það er þessi munur á orðum og tölum að annað er að skapast (orðin)
hitt (tölnar) er orðið ákveðið og fullmótað.



-Kaleikur, hrímkálfur, tenging við himinhvolfið!
Hvers laga árátt er þetta eiginlega að vera alltaf að þykjast finna launsagnir í
hverju orði!

-Auðskilið, Þjóðvitnir minn.
Goðsagnir eru launsagnir og myndmál, persónugervingar og dulmál.

Eru þessar ídettingar þínar athyglipörf, Þjóðvitnir minn?
Eða ertu að verja þitt verksvið?

Sthapatyaved hús víkkar út mannlega vitund,
meðvitund manna verður víðari og tærari,

en röng hús geta valdið veikindum og vanlíðan, árásgirni og ósætt
manna í milli.

Rannsóknir liggja fyrir á stórum svæðum, í borgum, og samanburður á
glæpatíðni og slysum í ranglega skipulögðum borgum og hverfum,
borið saman við vaastu-skipulagðar borgir

वास्तु (vaastú, rétt lóð), þar sem allt er í samræmi.

Allt í samræmi við lögmál náttúrunnar, sem styður kyrrðina þar.

Snúið aldrei höfðalaginu á rúminu í norður.
Það er ekki gott fyrir heilann að höfuðið snúi í norður alla nóttina.
Getur valdið árásgirni.

Sthapatyaved hús eru þau einu sem borið geta nafnið húsaveikilaus.

Þau taka mið af sólkerfinu okkar,
og eru í fullkomnu samræmi við náttúrulögmálin.

Sthapatya ved er handa öllum tærum mönnum,

en við köstum ekki perlum fyrir svín, þannig að dog-cookers séu að
óhreinka hina tæru þekkingu með fávizku sinni og syndum.

Þeir sem sjóða hræ af dýrum í pottum sínum, og fóðra börnum sínum á
slíkri synd sem deytt dýr er, eru á mjög lágu vitundarstigi, kallast raunar
dog-cookers, og ekki munu altærir menn hafa áhuga á að þiggja beina
hjá þeim, og raunar vilja þeir helst „ekki snerta“ við þannig löguðu.

Þjóðfélag skiptist

-- samkvæmt framansögðu um merkingu Rígsþulu --

í brahmína (lærða í vedum),

ksatriya (lærða í vörnum lands),

svo í þá sem stunda viðskipti og verzlun,

og svo þá sem stytzt eru komnir á þróunarbrautinni,

svo blandaða menn sem eiga þá erfitt með að finna sitt rétta dharma.

Það má alls ekki skilja þetta í merkingunni um ríka valdamikla og fátæka
valdalaus, svona einsog var á myrkum öldum Evrópu
stéttaskipting, í forríka lorda og líttmegandi pupul,
og millistéttir með smávegis peninga.

Brahminar bera þekkinguna miklu áfram mann fram af manni í þúsundir ára,

stunda djónana shakti **ज्ञान शक्ति**, vinna út frá kyrrðinni miklu, en þeir eru ekki endilega auðmenn á veraldlega vísu,

ksatriya **क्षत्रिय** gera land sitt ósigrandi með því að virkja kriiya shakti (38., friður, stjórnarskrá alheims)

क्रिया शक्ति, framkvæmdina sem hefur grunn sinn í kyrrðinni miklu,

enn aðrir stunda verzlun, viðskipti, landbúnað (35., hljóð og efni) og þeir beita þekkingunni miklu við veda-landbúnað, sem er hið fullkomna fyrir alla ræktun,

og svo vinna enn aðrir önnur störf, og þessi „stéttaskipting“ (misskiljið ekki þetta orð) er þannig, að hver er á sínum rétta stað, hvert eitt þróunarskeið þjónar tilgangi fyrir hvern einn einstakling,

störfin þjóna tilgangi fyrir heildina, þjóðina alla, alla menn, allt frá dýrastigi manna til þess að geta borið nafnið maður.

Eru Angurboða og Fárbaugi á einhverju stigi þróunarinnar??



-Hæ hæ! Þið takið alveg eftir (þarna á myndinni, vinstra megin) að **ég** er mættur á svæðið með skilningarvitanna glingur í offramboði, ha?

(Þetta var bara auglýsing!) Aumingja ÓðurHæmirLóður í vesni þarna !!
Menn að fæðast í fyrsta sinn sem menn !! Það er mikið vesen fyrir þá, en gott tækifæri fyrir mig og skilningavita-beituna mína.

-Menn þurfa að læra að þekkja Heimdall handan skilningarvitanna (35.).

सुखमात्यन्तिकं यत्तद्बुद्धिग्राह्यमतीन्द्रियं वेत्ति यत्र

Það er hin fingerðasta tilfinning fyrir tilverunni.

Maðurinn er ábyrgur fyrir öllum dýrum og náttúrunni allri. (36.)

Ábyrgð, ekki völd.

Aldrei skyli neinn maður deyða aðra lífveru, því þá veldur hann truflun á hennar þróunarbrautu.

Já, það eru ótal lög af skilningi.

Dýrmætt er að fæðast maður.

Mikil blessun.

Aðeins fáar lífverur eru komnar svo langt að fæðast sem menn.

Menn ættu að kunna að meta það!

Þeir hafa sjálfir þróast upp í þetta -- en vita það etv ekki?

Það er skortur á menntun að þetta er ekki kennt í barnaskólunum.

Ég er hér ekki að tala um gáfnafar, heldur vitundarþroska (37.)

Hann er nauðsyn öllum mönnum, öllum mannanna börnum.

Aðeins maðurinn skilur hina sönnu alheimsást, Frigg prema प्रेम (18.).

Hin guðlega móðir lifir lengst allra tímaskeiða.

Óteljandi lífskeið.

Hún er ábyrg fyrir öllu sem er, öllu sem var, öllum sem verða mun.

Hún er sköpunarkrafturinn mikli.

Henni, móðurinni miklu, skulum við sýna ina mestu virðingu.


Aðeins maðurinn getur öðlzt hinn mikla skilning. (15.)

Háþróaður líkami manna er þó aðeins fley eitt til að bera menn yfir ið mikla haf lífs og dauða, að ströndu ódáninsvalla.



Vinnið að því að verða tær.

Menn fá meðbyr á þróunarbrautinni með því að tengjast uppruna sínum.



Farið ekki úti pradnja aparadha,

sem er mistök vitsmunanna.

Dettið ekki úr tengslum við upprunann.

Hnýsigt niður dag hvern.

Hver ævi er aðeins skeið eitt á löngu ferli þróunar.

Verið ekki of upptekin af efnisheiminum fagra,

ekki of upptekin af svoleiðis lífi, að þið hafið ekki tíma til að skilja til hvers ævin er.

Lifið ekki í vökudraumi ósvinnunnar,

því tilgangur lífs á jörðu er að ná ódauðleika og fullkomnun.

Sigur yfir lífi og dauða er markmið þeirra sem nú fæðast sem menn.

Ef tréð sem lítill fugl hefur gert hreiður sitt í er hoggið af höstum mannahöndum, flýgur hann brott og reynir að finna sér hreiðurstað annars staðar.


Einnig vita vitrir menn að veraldar tré mun ymjá undan tímans tönn, og því snúa þeir sér að skilningi á tilgangi alls lífs.

Þeir finna hið guðlega, þeir losna við sína Urði Verðandi Skuldu, og finna frið.


Fley þekkingarinnar flytur menn yfir allar syndir og veitir þeim frið.

Þeir menn sem finna sannan kennara eru heppnir.

Menn þurfa að læra tækni til að sigla,
læra tækni til að öðlast skilning,
skilja hvað gefur meðbyr,
skilja hvað er guðleg handleiðsla,
ekki sem veraldleg ofsatrú



Ýmislegt sem býðst í veröld er ekki haldreipi.
Varizt merkimiða. Þeir gætu farið út í kreddur.
Líf í sátt við guðin og lögmál náttúrunnar á eigin forsendum er bezt.
Þekktu sjálfan þig,
sjálfur leið þú sjálfan þig í dýrð;




víkkið út eigin huga, sækið í dýpstu kyrrð,
þá munu ákvarðanir verða týréttrari í vöku.
Það fæst eðlilega og sjálfkrafa með því að sóast, nota samsviðtæknina.



Stundum eru miklar öldur í lífinu.



Það er kúnst að finna lag.



Regla er góð.



Menningararfurinn okkar færir in tærustu

vitundarvísindi.

Reynum að skilja.

Skiljum hvað þarf að gera -- og gerum það.

Þeir sem ekki reyna að skilja eru andlega dauðir.

Ek segi þeim: öðlitz skilning.

Sjáið hvernig allt í heimi er dægurflugur miðað við tilgang alheimsins.

Allar lífverur fæðast og deyja, fæðast á ný,
allt efni verður til og endar í jötnum (22.) og greyjum Alföður (22.).

Skiljið hið tilgangslausa eftir í tilgangsleysi sínu með því að sóast.
Verið Gunnalausir um hríð dag hvern.

Kyrrð hugans veitir orku og gefur frið.

Orkuhlaðinn frið.


Þá skýrist sýn á tilgang tilverunnar.

Sá sem lærir rétt að kyrra hugann þar til hugsun hverfur sjálfkrafa,
sameinast eindinni, uppruna sínum.

Hinn beztí sanni kennari er nauðsyn.

Margur maðurinn fer villur vega vegna lélegs kennara og afvegaleiðandi
kennslu.


Í eind með eindinni, að hnýsast niður (Hávamál v.138 o.áfr.), sameining
við ginnungagap, er það sem menn ættu að iðka í lífinu,
sér og veröld allri til heilla.




Sá sem lærir rétt að kyrra hugann þar til hugsun hverfur sjálfkrafa, losnar við Gunna þrjá. (3. (þrieindir), 5. (tívatún) unz kómu III...).

Sá sem lærir rétt að kyrra hugann þar til hugsun hverfur sjálfkrafa, losnar við einstaklingsvitund. Fórnar einstaklingsvitund, „færir” einstaklingsvitun til veizlunnar at Ægis (2.).

Þetta veraldarfyrirbæri „ek em”, ég er, tilfinning um einstaklinga, getur byrgt mönnum sýn á raunveruna, svo nauðsyn er hverjum manni að sóast.



ég sé þig, þú sérð mig,
og við gleymum að við erum ginnungagap




Verndarengill hvers og eins hefur betri yfirsýn yfir öll okkar æviskeið sem menn,
svo hvert eitt smáatriði sem vex okkur í augum vegna skorts á yfirsýn,
verður aðeins smáliður í heildarfyrirkomulaginu.



verndarengill

Menn eru stundum eins og blindir kettlingar.
Kallast oft að sjá ekki skóginn fyrir trjámum.




Glit er rjóður í skógi, þar sem sólargeislar ná að skína. Forseti er í Glitni



Menn reyna að meta hvort hver hugmynd sé góð eða slæm, og endilega einnig hvort hún er framkvæmd á réttum tíma til að falla inn í þússluspilið okkar.

Altærir menn taka réttar ákvarðanir. Týréttar ákvarðanir. Og þær einar öðlast meðbyr frá náttúrunni.

Það sem mannkyn er að gera hér er í raun að aðstoða og fullkomna þetta háleita markmið, tilgang alheims, með því að láta eindina miklu vera lifandi og vakandi í hverjum manni. (37.)



TM-sidhi® prógram
að æfa hugann í að hugsa útfrá kyrrðarorku.



Eindin mikla, og þá samsvið allra náttúrulögmála, stendur fyrir (ef svo má að orði komast) þennan mikla alheims „leik“ --- með framþróunar- og útþenslusjónarmið og fullkomnun að markmiði sínu.

Skaparinn, gervirinn, er að „leika sér“. brahma líílaa ब्रह्मलीला


Við erum alltaf að leika okkur en skiljum ef til vill ekki hvers vegna við leitum og leikum okkur, leitum og leikum okkur, leitum og leikum okkur.

Við vitum ekki hvers við leitum, skiljum ekki hvers vegna þetta er leikur.

Auðvitað eru millibil milli vitundarstiganna, óendanlega mörg, mörg einsog mennirnir eru margir og mörgum sinnum það, en við einföldum myndina með hópum.



varnaskalinn



en 90° skekkjan í flokkun í því samhengi sem vitundarþroski og vitundarstig er, --- það sem við ræðum hér. ---

Kynþáttaskipting er röng, vitundarþroskaskiptingu þarf að skilja.

En allir menn eru ein stór fjölskylda.

vasudhaiva kútúmbakam वसुधैव कुटुम्बकम्

Blöndun menningarheima, einsog fyrr segir, er óheillavænleg.

Hver þjóð þróar sína menningu á sínum stað.

Halda skyli henni tærri.

Menn ættu að lifa eigin upprunalega menningu. Sva-dharma

sín örlög, því para-dharma, annarra örlög eru óheillaspor.

Að lifa annarra örlög er óheillaspor.



स्वधर्म परधर्म (sva-dharma para-dharma)

Annarra þjóða siðir og menning á heima hjá þeim.
Okkar þjóðar upprunalega menning og siður á hér heima.
Að lifa annarra manna menningu býður heim hættu.

Allir menn þurfa að skilja innsta kjarna sinnar eigin menningar.

En virðingu má ekki vanta,
umburðarlyndi má ekki vanta,
því hver og einn þarf að lifa sínu lífi.

vasudhaiva kútúmbakam वसुधैव कुटुम्बकम् við erum jú ein stór fjölskylda
og ættum ekkert að vera að rífast.

Það eru blindir bókstafstrúarmenn í öllum hópum, og vísýnir menn á hverju strái líka.

Sumir eru að reyna að skilja bókstafstrúna.
Oftast eru bókstafstrúarmenn menn á lágum vitundarstigum.

Stundum eru fræðingarnir á vitsmunastiginu, og skilja ekki vitund.

Skilningurinn verður fingerðari eftir því sem meiri birta kemur í líf manns.


Skilingur, birta og hærra vitundarstig haldast í hendur. Pakki.

Ekki hægt að setja einn merkimiða á alla innan eins merkimiða, -- æ, ég meina: innan hvers hóps er alls konar fólk.

Til er blind trú,
til er afslappað víðsýni,
endalausar útgáfur er víða að finna,
afslöppuð trú
og þykjustuvíðsýni,
eigin orð yfir eigin ímyndað víðsýni,
eða þannig.

Við þurfum að skilja tilganginn með lífinu.
Tilgangurinn er einn: þróun til fullkomnunar.

Allir menn geta vígt sig tæra. Birta, skilningur, tærleiki -- er pakki.



***** íslenzkur minjagripur bolur*****

ISBN 978-9935-409-10-2

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति राखम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkonnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hveurrar forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharna). परधर्म (paradharna), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnsdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
